

Er erfitt að ná tökum á birgðastjórnuninni?

Aldursgreining birgða frá Annata getur aðstoðað þig í að kortleggja ástand birgða þinna.

Birgðastjórnun er afar mikilvægur þáttur í rekstri vörudrifinna fyrirtækja. Einkum þegar ytri aðstæður eins og niðursveifla í efnahagslífi, takmarkaður aðgangur að lánsfé og harðnandi samkeppni hafa áhrif á getu fyrirtækja til að auka veltu og arðsemi. Við slíkar aðstæður þurfa fyrirtæki að líta innávið og finna möguleika til hagræðingar til að auka veltufé frá rekstri. Viðskiptavinir og birgðir eru tveir augljósir þættir sem leita má hagræðingartækifæra í.

Dulinn kostnaður vegna birgðahalds

Birgðir eru fjármagnsfrekar í eðli sínu og það getur haft slæmar afleiðingar fyrir fyrirtæki að safna upp miklum birgðum. Birgðir geta hreinlega dagað uppi á lagerum fyrirtækja og orðið til trafala í víðum skilningi. Þær ýta undir dulda kostnaðarliði eins og fórnarkostnað af fjárbindingu, kostnað vegna minnkandi verðmæti lagers vegna aukins aldurs og þar með lækkandi hagnaðarvonar. Með því að ráðast strax að vandanum og draga úr söfnun gamalla birgða má ná skjótum ávinningi.

Inventory Age Analysis

Company	ceu Contoso Entertainment Systems
Scenarios	AllProd
Years Quarters Months Weeks Days	2009-01

Inventory Level (value)	Column Labels						Grand Total
Row Labels	13 - 24 months	10 - 12 months	7 - 9 months	4 - 6 months	2 - 3 months	0 - 1 months	Grand Total
Car Audio: Car Audio	10.413			3.353	622	16.756	31.144
DVD Player: DVD Player				2.607	10.955	67.328	80.890
DVR: Digital Video Recorders					42.011	147.843	189.853
Encl Comp: Enclosure Components	32.137	8.684	365	5.904	13.440	50.238	110.768
Enclosures: Speaker Enclosures		22.583	50.287	34.250	28.261	23.291	158.673
HTS: Home Theater Systems		23.685	15.115	14.180	36.906	24.490	114.375
Packaging: Packaging Materials	13.213	1.081	463	776	2.433	5.647	23.613
Parts: Speaker Parts	21.080	2.581	400	773	6.120	27.094	58.049
PCB: Printed Circuit Board Parts					1.787	64.931	66.718
Projectors: Projectors	1.751.678	6.130	193.272		362.433	8.395	2.321.908
Receivers: Receivers	30.625		23.289	15.700	8.424	81	78.120
RM: Speaker Raw Materials		8			7.300	58.545	65.853
Speakers: Speakers			244.853	146.404	189.588	236.563	817.407
Spkr Comp: Speaker Components				2.335	5.397	285.884	293.617
Television: Televisions	1.619.193	1.798.330	228.916	119.988	-214.288	-323	3.551.816
Grand Total	3.478.339	1.863.082	756.961	346.269	501.389	1.016.763	7.962.804

Kjarninn greindur frá hisminu

Aldursgreining birgða frá Annata aðstoðar greinendur við að finna mikilvægustu vörurnar til aldursgreiningar. Greiningin býður upp á nýstárlega nálgun að aldursgreiningu birgða með því að greina kjarnann frá hisminu og greina þær lykilverur sem raunverulega skipta málið fyrir fyrirtækið. Tilgreindar eru þær vörur sem munu leiða af sér umtalsverð og áþreifanleg áhrif á afkomu fyrirtækja ef gripið er til markvissra aðgerða á grundvelli aldursgreiningarinnar. Greiningin vinnur á þeirri forsendu að 20% af vörum fyrirtækisins beri um 80% af birgðaverðmætinu.

Notendur stilla upp forsendum fyrir aldursgreiningu í þar til gerðri skjámynd í Dynamics AX/NAV kerfi sínu. Þeir gefa völdum færribreytum vægi á bilinu 1-100 sem svo hafa áhrif á hvaða 20% af vörum fyrirtækisins skulu valdar til aldursgreiningar.

Um er að ræða eftirfarandi færribreytur:

- Einingaverðmæti
- Veltuhraða birgða
- Hlutdeild í heildarveltu sl. 12 mánaða
- Arðsemi birgðafjármagns
- Framlegð %
- Fjöldi eininga á lager

Samanlagt vægi þessara þátta skal vera 100%. Þegar þeim hefur verið gefið vægi þá sér vinnsla í SQL gagngrunni um að velja vörur til aldursgreiningar eftir vægi þáttanna. Niðurstaðan er að 20% varanna í vörulista fyrirtækisins hafa verið skilgreindar og þær bera um 80% af heildarverðmæti birgðanna.

Af hverju er þetta gert í stað þess að aldursgreina allar vörurnar?

Svarið er tvíþætt: til að hraða vinnslum í gagnagrunni og til að beina athygli manna að því sem raunverulega skiptir máli. Hægt er að skilgreina margar sviðsmyndir þar sem færðbreytunum er gefið ólíkt vægi. Einnig er hægt að velja tiltekna vöruflokka til greiningar, sem getur verið gagnlegt í þeim tilvikum sem fyrirtæki eru að meðhöndla eðlisólíkar vörur (t.d. bílar og varahluti). Þar með er hægt að setja upp mismunandi sviðsmyndir sem þjóna hagsmunum mismunandi einstaklinga.

Víddir og mælieiningar:

Víddir

- Dagsetning
- Vörur
- Lager / vöruheymsla
- Aldurshólf (fyrirfram skilgreind aldurshólf til að greina birgðir eftir)
- Birgjar
- Sviðsmyndir (auðkenni fyrir aldursgreiningar út frá mismunandi forsendum)

Mælieiningar

- Aldursgreining:
 - Verðmæti (efnislegt og fjárhagslegt)
 - Magn (efnislegt og fjárhagslegt)
- Birgðastjórnun:
 - Veltuhraði
 - Meðalgeymslutími
 - Arðsemi birgðafjármagns
 - Velta
 - Kostnaðarverð seldra vara
 - Framlegð og framlegð %
 - Selt magn

Company		ceu Contoso Entertainment Systems			
Last 12 Months		Last 12 mths			
Values		Avg Holding Period (Days)		Gross Return Inventory	
Row Labels	Inventory Turnover	Margin %	Investment	Net Sales	
Car Audio: Car Audio	1,87	195,67	30,89%	6,95%	78.563
DVD Player: DVD Player	5,39	67,68	36,36%	25,68%	1.720.500
DVR: Digital Video Recorders	5,79	63,01	29,96%	20,65%	3.595.350
Encl Comp: Enclosure Components	,00		100,00%	0,85%	10.004
Enclosures: Speaker Enclosures	,00		100,00%	1,79%	31.892
HTS: Home Theater Systems	6,24	58,47	36,71%	30,18%	1.925.327
Packaging: Packaging Materials	,00		100,00%	0,15%	417
Parts: Speaker Parts	,00		100,00%	0,02%	131
Projectors: Projectors	,31	1.171,29	34,72%	1,38%	3.178.461
Receivers: Receivers	,36	1.020,94	39,73%	1,96%	74.537
Speakers: Speakers	4,14	88,27	24,66%	11,28%	8.665.046
Television: Televisions	,76	480,23	34,88%	3,39%	11.328.337
Grand Total	1,08	338,89	31,68%	4,16%	30.608.564

Einnig er til staðar sérstök greining sem aldursgreinir allar vörur fyrirtækisins. Aukin krafa endurskoðenda (t.d. ársfjórðungslega) um aldursgreiningu birgða í tengslum við fjárhagsuppgjör hefur orðið háværari með tímanum og ýtt undir þörfina fyrir slíka greiningu.

Aðrar greiningar

Greiningarlausnir sem draga fram lykilkætti um árangur fyrirtækja geta reynst mjög öflug vopn til eftirlits og árangursstjórnunar. Auk aldursgreiningar býður Annata upp á:

- Birgðagreining
- Fjárhagsgreining
- Sölugreining og Smásölugreining (Retail)
- Viðskiptamannagreining